

## Sorphirða við stofnanir í Hafnarfirði

28.jan '19

### - Minnisblað um tilboð Gámaþjónustunnar vegna plastsöfnunar við stofnanir

Gámaþjónustan hefur boðist til að útvega Hafnarfjarðarbæ ílát fyrir flokkað plast við stofnanir Hafnarfjarðar. Tilboðið hljóðar uppá að Gámaþjónustan útvegar ílátin, þjónustar þau og hirðir plastið allt b ænum að kostnaðarlausu.

Það eru bæði kostir og gallar við þetta fyrirkomulag og verður reynt að lista þá helstu hér upp:

#### **Kostir:**

- Plastið verður hreinna, þ.e. blandast ekki með öðru rusli. Það hefur þá fleiri möguleika í endurvinnslu/endurnýtingu.
- Með þessu móti væri hægt að sjá magn flokkað á hverjum stað, sambærilegt og nú er með pappa á hverjum stað. Þá verður mælanlegur árangur á aðgerðum okkar.
- Bænum að kostnaðarlausu.

#### **Gallar :**

- SORPA er nýbúin að fjárfesta í flokkunarbúnaði og þessi lausn nýtir ekki fjárfestinguna.
- Við erum í samlagi með hinum sveitarfélögum í SORPU og spurning hvort allt sorp eigi ekki að fara þangað
- Það er ekki pláss fyrir fleiri ílát alls staðar, sumstaðar þyfti mögulega að fara í fjárfestingu til að koma ílátum fyrir
- Þetta er ekki alveg sambærilegt kerfi við íbúana. Við höfum verið með stefnu um að kerfin skólunum og stofnunum sé eins og heima hjá krökkunum sem eru þar.

Virðingarfyllst,

Ishmael David

Framkvæmda og rekstardeild.